

1856. Að öðru leyti vonast stjórnarráðið þess, að herra amtmaðurinn hafi gætur á lækningum homöopatha í norður- og austur-umdæmunum, og að þær, ef svo ber við að lífi og heilsu manna væri hættu búin, sjáið um, að hlutaðeigendum verði dregin fyrir lög og dóm.¹

12. septbr. **20. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og biskupsins á Íslandi um uppboðssölulaun af fiska hlutum þeim, sem lagðir eru Kaldaðarness spítala.**

Með þóknanlegu bréfi 16. maí þ. á. hefir herra stiptamtmaðurinn og þær, háæruverðugi herra, sent dómsmálastjórninni til úrlausnar bréf frá land- og bæjarfógeta, kansallráði Finsens, í hverju hann beiðist þess, at sér verði veitt vanaleg sölulaun fyrir að halda uppboð á fiskihlutum þeim, sem í Reykjavíkur kaupstaðar umdæmi og í Gullbríngu- og Kjósar sýslu falla undir Kaldaðarness spítala.

Um leið og eg get þess, að þetta mál, sem hér ræðir um, að öðru leyti heyrir undir úrskurð dómstólanna, þar einkum er komið undir þýðingu þá, er menn leggja í 20. grein í tilskipun 27. maí 1746 um spítala á Íslandi, verð eg þó útaf þessu að skýra frá til þóknanlegrar vitundar og frekari auglýsingar, að það er álit dómsmálastjórnarinnar, að beiðanda verði ekki neitað um uppboðssölulaun, en sé þetta viðurkennt, þá er ekki í aukatekjureglugjörðinni 10. september 1830 nokkur heimild fyrir því, að honum einungis beri lögskipuð sölulaun af upphæð þeirri sem kemur fram þegar öll boðin eru saman lögð, eins og herra stiptamtmaðurinn og þær háæruverðugi herra hafi álituð, því sölulaun á að telja, eins og vant er, af öllum uppboðsúgöðanum.

1) Stiptamtmanninum á Íslandi var sama dag skrifað bréf líks innihalds, og hann beiðinn að skýra landlækninum frá því, og láta svo stjórnina vita hvað gjört væri við þetta mál.